



Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsstjóra
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 11. janúar 2024

Efni: Umsögn Veitna vegna breytingu á deiliskipulagi Dalsmára 13. Stækkun Tennishallar
Mál 870/2024

Veitur hafa fengið til umsagnar breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalsmára 13. Stækkun Tennishallar. Breytingin felst í stækkun lóðarinnar um 10m frá núverandi lóðamörkum í austur, alls um 660 m² ásamt tillögu að viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni alls um 1.800 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu sunnan megin við fyrirhugaða viðbyggingu og nýjum tengingangi úr gleri í stað núverandi brúar ásamt öðrum breytingum

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og vilja benda á að heimlögn hitaveitu liggur á milli Sporthús 11 og áætlaðrar viðbyggingar. Mikilvægt að verja lögnina með viðeigandi ráðstöfunum á framkvæmdatíma og ef óska þarf eftir færslu á lögninni þá þarf það að vera gert tímanlega og í samráði við Veitur.

Veitur benda á mikilvægi samráðs og óska eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri samþættingu.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026